



Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 HELLA

Garðabær, 14.4.2025
Málsnúmer: 202502-0070
IAS

Efni: Vaðölduver, breyting á deiliskipulagi

Vísað er til erindis Rangárþings ytra, dagsett 28. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingu á deiliskipulagi Vaðölduvers í Rangárþingi ytra.

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á deiliskipulagi Vaðölduvers. Vindorkuverið hafði áður vinnuheitið Búrfellslundur en verður hér eftir nefnt Vaðölduver. Unnið hefur verið nánar að útfærslu vindorkuversins og verður vindmyllum fækkað, meira byggingarmagn á lóð safnstöðvar heimilað, bætt verður við útsýnisstað og bílastæði við hann, vegtengingar og lega göngu- og reiðleiða er yfirfarin ásamt því að bætt er við vatnsbóli og lögnum. Þá verða lóðir sem voru skilgreindar undir vindmyllur felldar út.

Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi; Búrfellslundur – vindorkuver í Rangárþingi ytra, sem tók gildi 28.05.2024. Að öðru leyti en því sem hér kemur fram gilda skilmálar þess skipulags.

Skipulagssvæði gildandi deiliskipulags er 1.771 ha en stækkar í 1.908 ha í breyttu deiliskipulagi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar á deiliskipulaginu og gerir ekki athugasemdir við þær.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur